

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: borgarlögmaður

Endurgreiðslukrafa Framkvæmdasýslu ríkisins.

Með tölvupósti til borgarlögmanns, dags. 6. febrúar 2017, fer Framkvæmdasýslu ríkisins fram á endurgreiðslu á gatnagerðargjöldum vegna Menntaskólans við Sund alls 30.772.330 krónur sem greidd voru 16. apríl 2014. Um er að ræða álögð gatnagerðargjöld vegna viðbyggingar skólans. Endurgreiðslukrafan byggir á niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 260/2016: Mosfellsbær gegn íslenska ríkinu, sem kveðinn var upp 26. janúar 2017.

Hæstaréttarmál nr. 260/2016 snérist um hvort gatnagerðargjald, sem Mosfellsbær krafðist vegna lóðar undir húsakynni nýs framhaldsskóla í Mosfellsbæ, teldist til stofnkostnaðar hans eða hvort framhaldsskóli væri undanþeginn slíku gjaldi. Í samkomulagi aðila sem gert var árið 2008 um stofnun og uppbyggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ átti sveitarfélagið lögum skv. að bera 40% af stofnkostnaði skólans og íslenska ríkið 60%.

Í dóminum kemur fram að skv. eldri lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla hafi sveitarfélögum verið skylt að leggja til lóðir undir framhaldsskóla án kvaða eða gjalda og að óumdeilt sé að í tíð laganna hafi sveitarfélög ekki krafist gatnagerðargjalds vegna slíkra lóða. Með lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla, áður en þeim hafi verið breytt með lögum nr. 5/2015, hafi á hinn bóginn verið mælt svo fyrir að sveitarfélög skyldu leggja til lóðir undir framhaldsskóla án endurgjalds. Niðurstaða dómsins var að með hliðsjón af lögskýringargögnum og túlkun ákvæða laga nr. 92/2008 yrði að líta svo á að stofnkostnaður í skilningi þeirra tæki eingöngu til húsnæðis og almenns búnaðar í því. Staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms um að Mosfellsbær hafi ekki átt rétt á að fá greitt gatnagerðargjald vegna lóðar undir húsakynni framhaldsskólans í Mosfellsbæ.

Skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda skulu s tjórnvöld sem innheimta skatta eða gjöld endurgreiða það fé sem ofgreitt reynist lögum skv. ásamt vöxtum. Í 1. mgr. 2. gr. laganna er mælt fyrir um að greiða skuli vexti af ofteknu fé frá þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fari fram og skulu vextirnir vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. [8. gr. laga nr. 38/2001](#), um vexti og verðtryggingu. Í lögnum kemur fram að ákvæði 1. og 2. gr. gilda ekki þar sem lög mæla fyrir um á annan veg. Í lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006, sem teljast sérlög í þessu sambandi, eru reglur um endurgreiðslufyrirkomulag vegna ákveðinna atvika, s.s.

afturköllun lóðaúthlutunar, en ekki verður séð að þau eigi við um atvik það sem hér er til skoðunar. Þá kemur fram í 4. gr. laganna að krafa um endurgreiðslu falli úr gildi fyrir fyrningu þegar fjögur ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað.

Með vísan til niðurstöðu framangreinds dóms Hæstaréttar, ákvæða laga nr. 29/1995 og lögskýringargagna með þeim, verður að telja að Reykjavíkurborg beri að endurgreiða gatnagerðargjöld þau sem Framkvæmdasýslu ríkisins greiddi vegna viðbyggingar Menntaskólans við Sund með vöxtum frá greiðsludegi sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1995.

Kristbjörg Stephensen

From: Guðni Geir Jónsson [mailto:guðni.j@fsr.is]
Sent: 6. febrúar 2017 15:47
To: Kristbjörg Stephensen
Afrit: Magnús Ingi Erlingsson
Subject: Gatnagerðargjöld MS

Góðan dag

Í framhaldi af símtali við Magnús Inga Erlingsson á framkvæmdasviði Reykjavíkur sendi ég fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins þetta erindi.

Fyrir liggur dómur Hæstaréttar 260/2016 varðandi gatnagerðargjöld tengdum Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ (sjá meðfylgjandi slóð).

Framkvæmdasýsla ríkisins greiddi á sínum tíma gatnagerðargjöld vegna Menntaskólans við Sund alls 30.772.330 kr (sjá meðfylgjandi reikning).

Farið er fram á endurgreiðslu á gatnagerðargjöldum þessum vegna MS.

<https://www.haestirettur.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=a16cccb1-24fe-4061-8f41-1a243dff8314>